

Hverfisráð Miðborgar

Ár 2015, fimmtudagurinn 27. ágúst var haldin 118. fundur Hverfisráðs Miðborgar. Fundurinn var haldinn á þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíðar Laugavegi 77 og hófst kl. 17:00. Viðstödd voru Svafar Helgason sem stýrði fundi, Sindri Snær Einarsson, Kári Sölmundarson, Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir. Elsa Hrafnhildur Yeoman boðaði forföll og sat Ragnheiður Eyjólfsdóttir fundinn í hennar stað. Áheyrnarfulltrúi Herdís Telma Jóhannesdóttir boðaði forföll og sat Guðbjörg í hennar stað. Þá sátu fundinn Sigprúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Sigríður Arndís Jóhannesdóttir sem ritaði fundagerð. Gestur undirlið 1 var Halldór Nikulás Lárusson frá Skrifstofu þjónustu og reksturs.

Petta gerðist:

1. Skýrsla starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar kynnt.

Lögð fram eftirfarandi umsögn:

Ráðið vill þakka starfshópi fyrir þeirra vinnu og samantektar um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar og tekur undir þær hugmyndir að þjónustan sé skilgreind út frá þörfum íbúana og nærumhverfi þeirra. Telur hlutverk og samskipti við hverfiskjarna við miðlæg svið geta verið heppileg til aukinna samræmingar.

Samþykkt af meirihluta og Júlíus Vífill Ingvarsson situr hjá.

2. Umræður um fyrirspurnina frá stjórnskipan og lýðræðisráði varðandi hverfisráð.

Lögð fram eftirfarandi umsögn:

Ráðið telur sig ekki geta tekið afstöðu til þeirra hugmynda sem koma fram í tillögu um breytingar á Hverfisráðum borgarinnar. Fyrir en hlutverk, ábyrgð og valdsvið verði betur skilgreint. Að því loknu er hægt að taka ákvörðun um fjölda Hverfisráða og skipun fulltrúa þeirra.

Samþykkt samhljóða.

- Kl. 18:10 Víkur Kári Sölmundarson af fundi

3. Breytingar á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Austurbakka. Kynntar fyrir ráðinu.
4. Umsókn frá Kanon arkitekta ehf. varðandi breytingar á deiliskipulagi Háskólans í Reykjavík. Kynntar fyrir ráðinu.
5. Umsókn frá Reir ehf varðandi breytingar á deiliskipulagi reits 1.171.5 vegna lóðanna nr. 7 og 9 við Vegamótastíg. Tillögur lagðar fram og kynntar fyrir ráðinu. Ráðið gerir ekki athugasendir við deiliskipulags breytingar.
6. Varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.172.0 Allir reitir. Tillögur lagðar fram og kynntar fyrir ráðinu. Ráðið gerir ekki athugasendir við deiliskipulags breytingar.
7. Önnur mál:
 - a. Ungmennaráðið óskar eftir að fá hverfisráðsfund með ungmennaráði. Ráðið er jákvætt fyrir því að halda sameiginlegan fund í október.

- b. Lagt fyrir fundinn að byrja fundi hverfisráð með kynningu af verkefni og stöðu mál í hverfi.

Næsti fundur 24. september.

Fundi slitið kl. 19:00

Svafar Helgason (sign)

Sindri Snær Einarsson (sign)
Ragnheiður Eyjólfsdóttir (sign)

Júlíus Vífill Ingvarsson (sign)
Kári Sölmundarson (sign)